

Rannsóknarrýni

Rýnt í skýrsluna

Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum

Guðmundur B. Kristmundsson
Háskóla Íslands, Menntavísindasviði

Menntamálaráðuneytið hefur sent frá sér skýrsluna *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum* sem unnin var af Auði Magnðísi Leiknisdóttur, Hrefnu Guðmundsdóttur, Ágústu Eddu Björnsdóttur, Heiði Hrund Jónsdóttur og Friðriki H. Jónssyni (2009). Skýrslan er hvatning til umhugsunar um stöðu lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum og bendir á leiðir til að bæta þar úr. Hér verður vikið að nokkrum atriðum sem vöktu athygli við lestur skýrslunnar. Þau tengjast einkum hugtökum sem þar eru notuð og umfjöllun um þau, niðurstöðum og hugsanlegum aðgerðum til að bæta úr þar sem á skortir.

Um rannsóknina

Rannsókninni er lýst í upphafi skýrslunnar, en hún byggist á úrtaki skóla á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þetta úrtak gefur vissulega vísbendingar um stöðu lestrarkennslu en þess þarf að gæta að hver skóli hefur sinn stíl og þar geta einstakir kennarar ráðið miklu, eins og reyndar kemur fram í skýrslunni. Þeirri aðferð er beitt að ræða við kennara, skólustjóra, nemendur og sérfræðinga. Það er fullgild rannsóknaraðferð og gefur oft góða raun. Það er þó svo að þegar kennarar eru spurðir hvort þeir til að mynda fáist við lestur eða hugi að læsi nemenda er ekki víst að svarið sé í samræmi við það sem þeir í raun og veru gera. Það leiðir hugann að nauðsyn þess að rannsaka mun betur en gert hefur verið það sem gerist í skólaflokkum á Íslandi. Reyndar er vaxandi áhugi á þessu efni meðal þeirra sem

stunda menntarannsóknir.

Rannsókn á lestrarkennslu er viðamikil verk og rannsókn á læsi enn stærra viðfangsefni. Það vakti nokkra athygli að talsverð umfjöllun er í skýrslunni um einstaklingsmiðað nám. Það væri efni í aðra skýrslu þó vissulega komi það við sögu í lestrarkennslu, svo sem í allri annari kennslu.

Notkun hugtaka

Það hefði verið til bóta ef sérfræðingar í lestri, lestrarkennslu og læsi hefðu lesið texta skýrslunnar. Ýmist er talað um læsi eða lestur. Þetta er ekki sami hlutur. Lestur (e. reading) er málrænt ferli þar sem samskipti þróast milli texta og lesanda. Hugtakið lestur hefur verið skilgreint með ýmsu móti. Einna algengust er sú skilgreining að lestur sé virkt ferli þar sem lesandi leitast við að greina merkingu texta með því að nota málið, þekkingu sína og reynslu. Lestur er því vitrænt ferli sem felur í sér að umskrá tákni og tengja þau því máli sem lesandi hefur aflað sér. Það tengist síðan þekkingu hans og reynslu sem hjálpar honum að greina merkingu textans.

Læsi (e. literacy) er aftur á móti sú færni sem áunnist hefur og vart er hægt að segja að kenna megji læsi. Frekar ætti að tala um að efla það, t.d. með formlegri eða óformlegri lestrarkennslu eða hvatningu til lestrar. Í skýrslunni er gefin skilgreining PISA á læsi. Í PISA-rannsókninni árið 2000, þar sem lestur var í öndvegi, var eftirfarandi skilgreining notuð:

Læsi er grundvallaratriði fyrir allt nám, í og utan skóla. Það er einnig forsenda félagslegrar, menningarlegrar, stjórnmálaeðlislegrar og efnahagslegrar þátttöku, og til að geta lært svo lengi sem lífir (Knowledge and skills for life 2001:14).

UNESCO hefur birt skilgreiningu á læsi sem er mjög svipuð þeirri sem gengið er út frá í PISA-rannsóknnum. Í fyrstu alþjóðlegu rannsókninni sem Ísland tók þátt í árið 1991 og kennd er við IEA er læsi skilgreint á eftirfarandi hátt: Læsi er geta til að skilja og nota það ritmál sem þjóðfélagið krefst og/eða metið er mikilvægt af einstaklingnum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1993:3).

Ef dregnar eru saman þær fjölmörgu skilgreiningar sem notaðar eru í lestrarfræðum og bókum um lestur og læsi sem ætlaðar eru kennurum og fræðimönnum mætti orða það svo:

Hugtakið læsi, á ensku literacy, er notað um lágmarksfærni til að lesa texta á tilteknu tungumáli og skrifa á sama tungumáli. Það tekur því bæði til lestrar og ritunar og sumir nefna einnig getu til að fást við tölur í þessu samhengi (*e. numeracy*). Í læsi felst einnig færni í að gera sér grein fyrir hvernig nota má lestur og ritun í því þjóðfélagi sem um ræðir.

Þegar rætt er um læsi barna, fullorðinna, einstakra hópa og jafnvel þjóða er oft átt við það að hafa náð ákveðinni færni í lestri og að geta tjáð þá þekkingu eða greint frá þeim upplýsingum sem viðkomandi hefur aflað sér með lestri texta. Jafnan er rætt um lestur og ritun sem tvær meginstoðir læsis. Þetta er meðal annars gert vegna þess að lestrarfræðingar um heim allan telja sig hafa komist að því að færni í lestri og ritun sé nátengd og eigi að kenna samhliða þar sem hvort hafi gagn af hinu. Þessa er ekki getið í skýrslunni og reyndar ber hún keim af PISA, sem ekki tekur mið af ritfærni.

Hugtakið „upplýsingalæsi“ er mikið notað í skýrslunni. Þarna hefðu lestrarfræðingar getað aðstoðað. Þetta heiti, upplýsingalæsi, hefur lítið verið notað hér á landi um læsi og reyndar víðar þó svo í fræðunum sé oft

talað um „information literacy“. Oftar er miðað við lestur mismunandi texta, svo sem bókmenntatexta, texta sem ætlað er að fræða og veita upplýsingar (oft kallaður rauntexi), og texta sem birtur er í myndrænu formi, svo sem í töflum og gröfum. Hér hefði nægt að tala um læsi og lesskilning. Hætt er við að sumir viðmælendur hafi ekki verið kunnugir „upplýsingalæsi“ og notkun þess hugtaks í skólum.

Í skýrslunni er allangur kafli og fróðlegur um foreldra og hlutverk þeirra. Þar hefði mátt gera grein fyrir hugtakinu fjölskyldulæsi sem nú er mjög fjallað um í lestrarheimum. Alþjóðlegu lestrarsamtökin (International Reading Association) hafa notað eftirfarandi skilgreiningu sem hér er í lauslegri þýðingu:

Læsi og lestrarvirkni í fjölskyldu, fjölskyldulæsi, er talið mikilvægt fyrir læsi þjóðar og víða um heim er lögð áhersla á að efla læsi fjölskyldunnar með ýmsu móti. Það er einkum gert með þrenns konar aðgerðum: Efla læsi barna og gera fjölskyldum þeirra grein fyrir því; efla læsi foreldra með því að kenna þeim og hvetja þá til að lesa; leiðbeina foreldrum við að efla læsi barna sinna. (Harris og Hodges, 1995)

Í skýrslunni kemur fram, skv. PIRLS, að foreldrar á Íslandi séu harla virkir þátttakendur í lestrarnámi barna sinna. Það kann að vera rétt en sennilega eru foreldrar vanmetinn fjársjóður þar sem þeim er helst ætlað að láta börn lesa fyrir sig og „kvitta“ fyrir. Þetta þyrfti að rannsaka betur og athuga hvort foreldrafræðsla um lestur og lestrarnám gæti ekki nýst börnum betur, m.a. eftl skilning.

Í skýrslunni er rætt um „tæknilegan lestur“ og þess getið að þegar honum sleppi taki fátt við í lestrarnámi. Þetta er að líkindum rétt hvað varðar marga skóla. Það sem vekur hér nokkurn óhug eru þau skörpu skil sem eru á milli þess að læra að lesa og þess að lesa til að læra, þ.e. að nota lestur til náms, gagns og gamans. Hugtakið „tæknilegur lestur“ er svolítið vafasamt. Þar er átt við að hafa náð færni í að umskrá staf yfir í hljóð. Strax og barn er farið að geta lesið stök orð er skilningur

kominn til sögu og mikilvægt að styðja hann frá upphafi. Eins og þetta lítur út virðast börnin fyrst læra að lesa og að því loknu fer þeim að leyfast að skilja. Þetta er sennilega ekki svo, og því mikilvægt efni að rannsaka í skólum. Niðurstaða fengist ef rannsókn á kennslu færi fram inni í kennslustundum.

Um kennsluáðferðir

Kafli um kennsluáðferðir er fremur rýr og nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að ótal áðferðir eru til. Margar þeirra byggjast á tengslum hljóðs og stafs. Þær eru oft kallaðar einu nafni hljóðaaðferð (*phonics*). Fjölmargar útfærslur eru til af henni, enda liggja rætur hennar aftur til 16. aldar í Evrópu.

Í textanum eru ýmis heiti á áðferðum við lestrarkennslu, miskunnugleg. Þær hefði þurft að skýra mun betur. Hér er gerð athugasemd við þrjár áðferðir sem nefndar eru. Ein er kennd við Davis og er ætluð fólk með leshömlun en virðist ekki miðuð við almenna lestrarkennslu í bekk. Þá er talað um söguáðferð. Þar er á ferðinni kennsluáðferð eða öllu heldur ákveðin kennslufræði. Sú leið í kennslu hefur aldrei, frá því að hún kom fram á sjónarsviðið, verið flokkuð sem kennsluáðferð í lestri. Sú þriðja er svokölluð Vallaskólaleið sem er kennslukerfi sem einkennist einna helst af hlítarnámi. Hana er vart hægt að kalla lestrarkennsluáðferð, þó svo vissulega sé þar efni sem vel gæti nýst. Þetta, m.a., bendir til þess að þörf sé fyrir markvissa símenntun um lestur og lestrarkennslu.

Námskrá

Mismunandi afstaða til námskrár og gildis hennar er áhugaverð og efni til skoðunar. Svo virðist sem margir kennarar og skólastjórnendur telji hana veika og lítinn stuðning sé þar að fá. Þetta þyrfti menntamálaráðuneytið að taka til athugunar. Reyndar má sjá að nokkuð skortir á að þróun náms í lestri og ritun sé fylgt í námskránni.

Norðurlandþjóðirnar hafa verið að skoða þessi mál í sínum ranni og það hefur leitt til nýrra námskráa og efnis sem ætlað er kennurum og kennaranemum, auk breytinga á kennaramenntun (Guðmundur B.

Kristmundsson, 2007). Nægir þar að nefna mikið verk sem unnið hefur verið í Noregi. Líklega vantar faglegt stuðningsefni við námskrá.

Námsmat

Í skýrslunni er fróðlegur kafli um námsmat. Þar má vel greina þann skort sem er á tækjum til að nota við mat hér á landi. Þetta er ekki nýtt vandamál og er oft til umræðu í kennaranámi og á símenntunarnámskeiðum. Reyndar hafa starfsmenn Kennaraháskólans, núverandi Menntavísindasviðs, tekið virkan þátt í að semja skimunarpróf handa ungum nemendum og haldið fjölda fræðslufunda þar um (Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir, 2001). Þá má nefna gott starf vegna mats á forsendum lestrarnáms hjá leikskólabörnum (Ingibjörg Símonardóttir, 2002). Lesskilningspróf eru vandfundnari en lestrarhluti samræmdra prófa, IEA - rannsóknin, PISA og PIRLS hafa haft óbein áhrif á mat að því er virðist. Nauðsynlegt er að semja matstæki til að meta lesskilning á öllum stigum skólans, en það dugir þó skammt ef þekking á lestrarkennslu á mið- og unglingsstigi er í molum.

Þróun lestrarnáms

Þróun lestrarkennslu kemur skýrt fram í skýrslunni. Þegar lestrarkennslu byrjenda sleppir tekur fátt við. Lestur sem viðfangsefni hverfur smám saman og ekki er hugað að lestrarfærni þegar námsgreinum fjölga, nema ef um lestrarvanda er að ræða. Þar er líklega einkum fengist við hugtakaförða greinarinnar og heiti hugtaka. Þetta þarf nauðsynlega að rannsaka. Það skal áréttað hér að vönduð kennsla bókmennta eflir skilning og hún ætti að geta nýst við lestur annarra texta. Það er þó afar brýnt að fást við skilning á sem flestum gerðum texta.

Þegar lestrarfærni vex fara nemendur að lesa æ flóknari texta og þeim er ætlað að skilja þá. Þarna er komið að því sem skýrsluhöfundar benda réttilega á; að lestur (og ritun) er efni allra námsgreina. Ef til vill má skýra fleira með þessu rofi í þróuninni en gert er í skýrslunni.

Höfundar fjalla meðal annars um lestraráhuga sem talinn er fara þverrandi þegar líður á grunnskólann, og þá ekki síst hjá drengjum. Þar gæti valdið að boðið sé upp á lítt áhugavert efni sem kallar ekki á ígrundun og umræðu

Kennaranám

Allangur og greinargóður kafli er í skýrslunni um kennaranám. Sú heildarmynd sem þar er gefin er að flestu leyti rétt, en hana mætti þó skýra betur. Á undanförunum árum hefur sú breyting orðið að umfjöllun um lestur hefur horfið úr kjarna, en henni hefur þó ekki verið hætt. Hún var talsverð fyrir fáeinum árum, og þá mest um lestur og mál yngri barna. Umfjöllun um læsi má þó finna hér og hvar í náminu en þar skortir heildarsýn og útkoman er fremur óljós stefna í þessum málum. Það er rétt að lestri eru eðlilega gerð skil á kjörsviði yngri barna. Þar hefði þó mátt bæta við meiri kennslu um lesskilning, lestrarhvatningu og samvinnu við foreldra. Þetta kjörsvið fjallar um nám og kennslu barna frá 6–10 ára, þ.e. fimm ár af tíu í grunnskólanámi. Umræða hefur verið um að meiri áhersla sé lögð á fyrstu árin en þau síðari sitji fremur á hakanum hvað nám í lestri og ritun varðar. Nú á að bæta úr þessu með 10 eininga námi um íslensku og tjáningu.

Á kjörsviði í íslensku er fjallað m.a. um bókmenntir og skilning á þeim, málfræði og stafsetningu. Eitt stutt námskeið var kennt um skeið þar sem fjallað var um íslenskukennslu. Þar fékk lestrarnám og ritun í kennslu rúm, en hvergi nærri nægjanlegt. Nú á að bæta úr þessu og nýtt 10 eininga námskeið hefst í haust sem fjallar um lestur og ritun á mið- og unglingastigi. Það skal þó undirstrikað að kennarar í íslensku fjalla í námskeiðum um móðurmálskennslu í flestum myndum. Þetta starf á kjörsviðum yngri barna og íslensku er langt í frá nægjanlegt þegar á heildina er litið og eftir situr að fjöldi kennaranema fær nánast enga fræðslu um læsi og kennslu í lestri og ritun.

Það er afar brýnt að styrkja nám á þessu sviði í kennaramenntun og ekki fært annað en að vinna ötullega að breytingum sem til

heilla horfa. Skýrslan gefur m.a. tilefni til þess. Huga þarf rækilega að því hvað gert er í kennaranáminu og hvernig það samrýmist því starfi sem við tekur að námi loknu.

Talsvert er rætt í skýrslunni um símenntun kennara. Þar virðist hafa orðið breyting til hins verra á liðnum árum, eftir að kostnaði var velt yfir á skólana. Fé til símenntunar í hverjum skóla ræður, að því er virðist, vali á námskeiðum fremur en þörf kennara og nemenda. Þetta á þó sjálfsagt ekki við í öllum tilvikum.

Lokaorð

Það er ljóst að íslenska skólakerfið hefur ekki fylgst nægilega vel með þeim miklu breytingum sem hafa orðið á þörf fyrir traust læsi meðal þjóðarinnar. Kröfur hafa verið að aukast jafnt og þétt og greina má talsverðan mun á kröfum til læsis nú eða fyrir 10–15 árum. Þetta má meðal annars lesa út úr alþjóðlegum rannsóknnum og ýmsum athugunum, formlegum og óformlegum, sem hér hafa verið gerðar.

Þrýstingur á aðrar námsgreinar, bæði í grunnskólum og í kennaranámi, hefur einnig vaxið og nýjar greinar bæst við sem taldar eru nauðsynlegar í nútíma samfélagi. Læsi og þróun ritunar og lestrar hefur orðið hornreka, sennilega vegna þess að ekki er litið svo á að hér sé um námsgrein að ræða. Þetta kemur okkur í koll vegna þess hve þessi færni er mikilvæg fyrir allt nám og andlegan þroska. Bagalegt er að ekki skuli vera meira rúm fyrir svo mikilvægan þátt í of stuttu kennaranámi en raun ber vitni. Nú er kennaranám að lengjast í fimm ár. Þess er vænst að úr rætist en þó virðist lítil von til þess ef marka má fregnir af undirbúningi.

Skýrslan er athyglisverð viðbót við þær upplýsingar sem liggja fyrir um stöðu lestrarkennslu í landinu.

Heimildaskrá

- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir. (2001). Lestrarskimunarpróf. *Talfræðingurinn*, 15(1), 29-33.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2007). *Læsning og skrivning í læreruddannelsen i Norden*. Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd.
- Harris T. L. og Hodges R.E. (ritstjórar). (1995). *The Literacy Dictionary*. Newark: International Reading Association.
- Ingibjörg Símonardóttir. (2002). *Hljóm-2: Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna*. Reykjavík: Höfundur.
- OECD. (2001). *Knowledge and skills for life. First results from PISA 2000*. (2001). París: OECD.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1993). *Læsi íslenskra barna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Um höfundinn

Guðmundur B. Kristmundsson er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1970, B.A.-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands 1974 og Mastersprófi í máli og menntun frá Háskólanum í Nottingham, Englandi, 1983. Hann starfaði um árabíl sem grunnskólakennari, æfingakennari og skólastjórnandi. Þá var hann námstjóri í íslensku við menntamálaráðuneytið. Hann hefur sinnt fastri stöðu við KHÍ, síðar HÍ, frá 1989. Rannsóknir hans hafa einkum verið á sviði læsis og kennslu lestrar og ritunar. Netfang: gudkrist@hi.is

About the author

Guðmundur B. Kristmundsson is senior lecturer in Icelandic and language in education at the School of Education, University of Iceland. He completed teacher education at the Teachers College of Education in 1970, BA degree in Icelandic at the University of Iceland 1974 and Masters degree at Nottingham University, England, 1983. For the first decade of his professional life he was a teacher, teacher trainer, deputy head teacher and head teacher at a compulsory school. He served as director of Icelandic studies at the ministry of Education. From 1989 he has been lecturer and senior lecturer at University of Iceland, School of Education. Most of his research has been in the field of literacy and the teaching and learning of reading and writing. E-mail: gudkrist@hi.is